

# Raizer lyftustóll

## Velferðartæknimat



### Verkefnið

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar framkvæmdi prófanir á Raizer lyftustól í þremur þjónustufbúðarkjörnum.

Raizer er batterísdrifinn lyftustóll, sérstaklega hannaður sem hjálpartæki til að aðstoða einstaklinga sem fallið hafa í gólfið. Stóllinn er samsettur úr sjö hlutum (batteri sem er innbyggt í setuna, tvö bakspjöld og fjórir fætur). Raizer er settur saman utan um einstaklinginn á gólfinu og honum lyft upp í sitjandi stöðu.

Eiginleikar tækninnar eru til þess fallnir að minnka líkamlegt álag starfsmanna við að reisa fólk upp eftir fall í gólfið. Stóllinn er hannaður með það í huga að einn starfsmaður geti reist einstakling upp og að hægt sé að nota stólinn þar sem aðgengi með stærri tækjum er takmarkað.

Prófanir voru framkvæmdar 2018 -2019

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skýrslunni sem hægt er að nálgast hjá Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar

VTS@REYKJAVIK.IS

### Niðurstöður

Notkun stólsins dregur úr líkamlegu álagi starfsfólks og þykir auðveldur í notkun.

Starfsfólk grípur frekar í einfaldari aðferðir við að reisa fólk upp eftir fall. Það þykir tímafrekt að sækja stólinn og setja hann saman.

Íbúar upplifðu öryggi við að vera reistir upp með stólnum og þægilegra en t.d. að vera lyft upp með segglyftu.

Stóllinn hentar best þar sem föll íbúa eru algeng og stóllinn því í reglulegri notkun. Lausnin gleymist frekar þar sem minni þörf er á notkun hans.

Stóllinn er í reglulegri notkun í þjónustufbúðum í Norðurbrún í Reykjavík.

**Prófanir sýndu fram á að tæknin er einföld í notkun, eykur öryggi bæði íbúa og starfsfólks. Tæknin sparar ekki tíma, en styður við vinnuvernd.**



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið